



Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012, með síðari breytingum (móttaka flóttafólks og innflytjendaráð), lögð fram á 151. löggjafarþingi, 2020–2021, 452. mál.

Reykjanesbæ hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012, með síðari breytingum, lögð fram á 151. löggjafarþingi, 2020–2021, 452. mál.

Reykjanesbær fagnar tillögu um lagabreytingu sem hefur það að markmiði að jafna stöðu flóttafólks, hvort sem um ræðir flóttafólk sem kemur í hópum í boði stjórnvalda, á eigin vegum eða í gegnum fjölskyldusameiningu flóttafólks.

Sérstaklega fagnar sveitarfélagið breyttu hlutverki Fjölmeningarseturs og því að stofnunin verði tengiliður milli flóttafólks, sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar. Með því mun nást aukin yfirsýn yfir málaflokkinn og ákvarðanataka um þjónustu verður skilvirkari. Ráðgjafahlutverk stofnunarinnar fær auk þess meira vægi gagnvart sveitarfélögum og ríkisstofnunum sem og skráningar- og gagnaöflunarhlutverk, sem er vel. Eins gefst nú tækifæri til þess að tengja starf Fjölmeningarseturs við nýtt vinnulag í velferðarþjónustu út frá stigskiptri einstaklingsbundinni þjónustu sem kemur fram í frumvarpi um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Því er jafnframt fagnað að heilbrigðisráðuneytið taki sæti í innflytjendaráði enda þarf að huga að heildstæðri nálgun í þjónustu við flóttafólk út frá félags- og heilbrigðisþjónustu og menntamálum. Að sama skapi gagnrýnir Reykjanesbær viðhaft fyrirkomulag við skipun innflytjendaráðs og telur að Reykjavíkurborg ætti ekki að vera eina sveitarfélagið sem boðið er að tilnefna fulltrúa í innflytjendaráð. Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga ætti að vera fulltrúi allra sveitarfélaga til jafns og þegar Reykjavíkurborg var boðin þátttaka í ráðinu hefði í það minnsta átt að bjóða Reykjanesbæ sæti að sama skapi þar sem hlutfall íbúa með erlent ríkisfang er einna hæst og stærð sveitarfélagsins þannig að önnur sveitarfélög geta litið til þess varðandi fyrirmyndarverklag.

Reykjanesbær telur auk þess að nýta megi tækifærið, nú þegar verið er að gera lagabreytingu, til þess að skerpa á ráðgjafa- og upplýsingahlutverki Fjölmeningarseturs gagnvart stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum og félögum í a - lið 3. gr. laganna. Nú er tækifæri til þess að festa nýstofnaða Ráðgjafastofu innflytjendamála í sessi til framtíðar með löggjöfinni og taka þar með út einstaklingsráðgjöf hjá Fjölmeningarsetri. Enda sé það fremur hlutverk setursins að styrkja grunnstoðir samfélagsins sem hafa skyldum að gegna gagnvart einstaklingum.

Þá telur Reykjanesbær mikilvægt að skerpa á heimild til upplýsingagjafar sem kveðið er á um í b. lið 2. gr. lagabreytinganna. Koma þarf skýrt fram í lögnum hvað átt er við með upplýsingaöfluninni, til hvers hún er ætluð og hvaða upplýsingum má deila.



Reykjanesbæ 10. mars 2021

Með nýju verklagi samræmdrar móttöku flóttafólks er mikilvægt að huga sérstaklega að flóttafólki sem ekki þiggur þá þjónustu sem Fjölmeningarsetur býður. Líklegt er að þeir sem ekki þiggja þátttöku í móttökuverkefninu verði staðsettir í þeim sveitarfélögum sem þjónusta umsækjendur um alþjóðlega vernd, þ.e. Reykjanesbæ, Hafnarfirði eða Reykjavíkurborg. Þessi þrjú sveitarfélög eru því líklegust til þess að vera með einstaklinga og fjölskyldur sem ekki hafa þegið boð um þátttöku í móttökuverkefni en geta verið í mikilli þörf fyrir þjónustu, jafnvel þegar lengra dregur frá samþykkt um alþjóðlega vernd. Því er nauðsynlegt að gera ráð fyrir því að fólk geti komið inn í verkefnið á seinni stigum, að einhverjum tímamörkum ákveðnum.

Í lagabreytingunum er ekki fjallað um útfærslu þjónustunnar. Reykjanesbær telur þó mikilvægt að fjallað sé um Vinnumálastofnun þar sem gert er ráð fyrir viðamiklu hlutverki stofnunarinnar í framtíðarfyrirkomulaginu. Reykjanesbær telur að rétt væri að skerpa á því fyrirkomulagi með lögum um málefni innflytjenda. Auk þess telur Reykjanesbær mikilvægt að hugað sé bæði að félags- og skólaþjónustu hjá sveitarfélögum sem og markvissri heilbrigðisþjónustu.

Reykjanesbær hefur þegar hafið undirbúning að breyttu og bættu vinnulagi í þjónustu við flóttafólk eftir að hafa skrifað undir samninga við félagsmálaráðuneytið.

F.h. Reykjanesbæjar

Hilma H. Sig.

Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir
Verkefnastjóri fjölmeningarmála

hilma.h.sigurdardottir@reykjanesbaer.is



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTTILEIKANS

